

125 9. nóv. að honum að vinna, hvað viðgerðin muni kosta, hve langan tíma muni þurfa til hennar og hvar byrja eigi, hvort að norðan eða sunnan, eða víðar í einu. Vill landshöfðingi fá skoðunargjörð þessa fyrir næsta alþingi, ásamt ummælum amtmanns og amtsráðs, og biður að láta sig vita, hvort kostur muni á góðum vegagjörðarstjórum nyrðra, hvað kaupdýrir þeir muni verða og hve marga verkamenn hver þeirra muni geta útvegad. Hann kveðst raunar óska, að byrjað yrði á vegabót þessari á sumri komanda, en óttast að lítið verði um fje til þess, með því að megnið af vegabótafjenu í fjárlögunum fyrir 1876—77 muni ganga til vegabóta þeirra, sem byrjaðar eru í vesturumdæminu (á Holtavörðuheidi) og í suðurumdæminu (á Hellisheidi og yfir Svínabraun). Verði því að halda henni fram með því meira fylgi sumarið 1878, að fenginni nýrri fjárveitingu næsta alþingis.

Í annan stað býður landshöfðingi amtmanni eptir tillögum amtsráðsins að láta skoða eldgos-skemmdirnar á veginum yfir Mývatnsöræfi, gjöra áætlun um, hvað kosta mundi að leggja sferan veg yfir hið nýja hraun eða þá meðfram því; senda sjer síðan bæði skoðunargjörðina og áætlunina með ummælum sínum og amtsráðsins.

Að endingu getur landshöfðingi um fjallvega-anglýsingu sína, sem nú er prentuð hjer að framan (nr. 117, bls. 105—106).

126 9. nóv. — *Ágrip af bríefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um vegabót á Kaldadal.* — Landshöfðingi kveðst hafa af ráðið, að láta byrja á sumri komanda á viðgerð á veginum yfir Kaldadal og Grífstungnaheidi, — sem öll amtsráðin hafi verið samdóma um, að einna mest lægi á —, að svo miklu sem til verði fje til þess, og skuli svo eptirleidis, er fengin sje ný fjárveiting alþingis, þeirri vegabót haldið áfram með svo miklu fylgi, sem auðið verði. Leggur hann því fyrir amtmann, að láta skoða suðurkafla þessa vegar, sem sje Kaldadalveginn, norður að Kalmanstungu, og gjöra áætlun um, hve langur tími muni ganga til að fullgera veginn, og hvað það mundi kosta; svo skuli skoðunarmennirnir og segja til, hvornig bezt sje að haga vegagjörðinni. Skoðunargjörðina og áætlunina vill hann fá innan loka júnímán. 1877, ásamt ummælum amtmanns og amtsráðs.

(Vísad á fjallvega-anglýsinguna, nr. 117 hjer að framan).

127 14. nóv. — *Bríef landshöfðingja til póstmestarans um póstsendingar, er póstskipið hefir eigi komið við með á millistöðvunum.* — Jeg hefi skrifazt á við yfirstjórn hinna dönsku póst- og telegrafmála út af þóknanlegri skýrslu herra póstmestarans frá 30. júní þ. á. um póstsendingu, er kom hingað með sjöundu ferð póstgufuskipisins «Dlönu» 1875, en póststofan hjer áleit sjer ekki heimilt að opna, af því að hún var send frá Kaupmannahöfn í innsigliðum þoka með utanáskript til Vestmannaeyja, en reyndi að koma henni til Vestmannaeyja með póstskipinu á heimleið þess; og skal því þjónustusamlega tjáð yður, herra póstmestari, til leiðbeiningar og eptirbreytni það, er nú skal greina.

Þegar póstsending frá dönsku pósthúsi til íslenzkrar hafnar, er póstskipið á að koma við á, ekki hefir orðið afhent á höfn þessari, heldur er flutt hingað, verður að opna hana og fara með hinar einstöku sendingar, sem í henni eru, samkvæmt reglum þeim, er settar eru um íslenzkar póstsendingar, og skal láta þær sendingar, sem eru svo lagaðar eða svo þungar, að þeim verður ekki komið með landpóstum, fara aptur með póstgufuskipinu til

afhendingar þar, sem þær eiga að lenda, þegar skipið kemur þangað; en hinum sendingunum skal koma með landpóstum. **127**
14. nóv.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um endurgreiðslu á ofheimtuðum tolli.* — Í þóknanlegu brjefi 11. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá, að með póstagufuskipinu Arktúrusi hafi í síðustu ferð þess komið hingað til factors Chr. Zimsens 80 fl. af víni, er á vöruskrá skipsins frá 27. sept. þ. á. hafi verið talið «portvin» og «sherry». Hafið þjer því heimtað 30 aura toll af öllum þessum vínföngum, samkvæmt lögum frá 11. febr. þ. á., en síðan hafið þjer komið að raun um, að ekki hafi verið sherry nema í 30 fl. og raudavín í hinum 50, og hafi eptir því verið heimtað 7 kr. 50 aur. of mikið í toll. Hafið þjer ætlað, að þjer hefðunð ekki vald til að skila fje þessu aptur, og fyrir því mælt til, að jeg samþykkti endurgreiðslu þess. **128**
14. nóv.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að heri svo til, er lögreglustjóri rannsakar hinar tollskyldu vörur, að honum reynið missagt til þeirra í tollseðli skipsins eða farmskrá, mun ekkert því til fyrirstöðu samkvæmt 2. gr. laganna frá 11. febr. þ. á., að hann lagfæri tollheimtu sína samkvæmt því, sem sannast hefir, og láti hann vottorð sitt um það fylgja tollreikningnum. Fyrir því mun bæjarfógetanum heimilt að endurgreiða Chr. Zimsen verzlunarstjóra þær 7 kr. 50 aura, er hann hefir ofheimtað í toll, og telja fje þetta með útgjöldum í tollreikningnum, sannizt það, að það hafi verið rangtekið, og verði vottorð lögreglustjóra látið fylgja reikningnum.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um breytingu á dýrleika jarðar.* — Með þóknanlegu brjefi 2. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað bónarbrjef Gísla B. Hjálmarssonar á Æsustöðum, þar sem hann fer þess á leit, að jörð þessi, er orðið hefir fyrir miklum skemmdum síðan hið nýja jarðamat fór fram, verði færð niður að hundradatali, og spyrið þjer, hverja aðferð hafa þurfi til þess að fá hundradatal jarðarinnar leiðrjett. **129**
14. nóv.

Út af þessu verð jeg að leiða athygli yðar að því, að dýrleika þeim, sem ákveðinn er í jarðabókinni frá 1861, verður ekki breytt nema með samþykki löggjafarvaldsins, og skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að framkvæmdarvaldinu muni varla þykja ástæða til að stinga upp á því, að farið verði að breyta dýrleika einnar jarðar, nema því að eins, að það sannist með löglegri skoðunargjörð, að jörðin hafi gengið mjög mikið úr sjer, og það því síður, sem ætla má að eigi verði langt að biða gjörsamlegrar endurskoðunar á öllu jarðamatinu.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturundæminu um skiptingu Bjarnanesshrepps í tvo hreppa.* — Með þóknanlegu brjefi frá 25. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer bónarbrjef hreppsnefndarinnar í Bjarnanesshreppi, um, að hreppi þessum, sem tekur yfir 3 kirkjusóknir, Bjarnaness, Hoffells og Einhólts, sje skipt í 2 hreppa, og verði Einholtssókn hreppur útaf fyrir sig, en Bjarnanessókn og Hoffellssókn einn hreppur. Sýslunefndin í Skaptafellssýslu hefir mælt með þessari beiðni, og þjer, herra amtmaður, samkvæmt þessum meðmælum lagt það til, að skiptingin verði samþykkt. Hafið þjer jafnframt skýrt frá, að Bjarnanesshreppur hafi að undanfögnu **130**
14. nóv.